Skóla-akur

Vefrit um skólamál 12. tbl. 7. árg. 17. október

Myndir augnabliksins sýna nemendur 1. bekkjar Naustaskóla í Naustaborgum.

Innanhússfræðarar.

Eftir niðurstöður starfsmannakönnunar Akureyrarbæjar sem gerð var árið 2011 var stofnaður starfshópur sem gerði tillögu að stofnun teymis innanhússfræðara, þvert á deildir, og tilnefndu stofnanir/deildir þátttakendur í teymið.
Innanhússfræðarar eru 14 starfsmenn frá ýmsum stofnunum og deildum Akureyrarbæjar sem hafa farið á námskeið og þjálfað sig í aðferð sem miðlað er til þátttakenda. Tilgangur innanhússfræðara er fyrst og fremst að vekja starfsfólk til umhugsunar um hve mikilvægt það er að líða vel í vinnunni og hvetja vinnustaði til að vinna markvisst að góðum starfsanda. Hópnum er ætlað að halda stutt námskeið um samskipti og vellíðan á vinnustað og forvarnir gegn einelti á vinnustað.
Nú þegar hafa verið haldin nokkur námskeið fyrir starfsfólk á hinum ýmsu sviðum og deildum hjá Akureyrarbæ og geta stjórnendur pantað námskeið hjá Ingunni Helgu Bjarnadóttur verkefnastjóra starfsþróunar.

Sænskur rithöfundur í heimsókn.

Norræna félagið á Íslandi í samstarfi við Norrænu upplýsingaskrifstofuna og Norræna félagið á Akureyri stóð fyrir heimsókn sænska rithöfundarins Kim M. Kimselius til Akureyrar. Markmið með rithöfundarheimsókninni er að auka þekkingu barna og unglinga á Norðulanda málum og hafa Norrænu félögin á öllum Norðurlöndum sameinast um slíkar heimsóknir.
Kim hefur hitti vel á fjórða hundrað ungmenni í grunnskólum bæjarins frá 15. - 17. október. Hún las upp úr bókum sínum, spjallaði við nemendur og svaraði spurningum þeirra. Bækur Kim hafa notið mikilla vinsælda í Svíþjóð og víðar og þrátt fyrir að markhópurinn sé börn og unglingar hafa bækur hennar náð til talsvert breiðari aldurshóps.
Heimsóknin var afar vellukkuð samkvæmt kennurum og sköpuðust skemmtilegar og líflegar umræður í skólastofunum og margir nemendur höfðu undirbúið spurningar á dönsku eða sænsku sem þeir lögðu fyrir rithöfundinn.
Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að fylgjast með þessu verkefni sem vonandi verða fleiri í framtíðinni.

Á heimasíðum Brekkuskóla http://brekkuskoli.is/ og Síðuskóla http://siduskoli.is/ má lesa um heimsókn Kim í skólana.

María Jónsdóttir forstöðukona
Norrænu upplýsingaskrifstofunni

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri
Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.
Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Vinna með íslenskar jurtir.

Nú á haustdögum hafa nemendur í 8.-10. bekk í Oddeyrarskóla verið að kynna sér íslenskar jurtir. Nemendurnir höfðu alveg frjálsar hendur með hvernig þeir útfærðu verkefni sitt.

Þrír strákar í 10. bekk ákváðu að baka fjallagrasabrauð og útbúa fjallagrasamjólk sem þeir síðan buðu skólasystkinum sínum að smakka. Veitingarnar brögðuðust ljómandi vel.

Ferð leikskólakennara frá Akureyri á norræna vinabæjarráðstefnu um leikskólamál í Álasundi í Noregi.

Dagana 19. og 20. september síðastliðinn fóru 15 leikskólakennarar frá Akureyri á ráðstefnu með yfirskriftinni **"Liv og læring i de tidligste år - med fokus på de yngste barna"** eða eins og það útleggst á íslensku: Líf og nám fyrstu árin – með áherslu á yngstu börnin.
Ferðin var í alla staði mjög vel heppnuð og umfjöllunarefni ráðstefnunnar áhugavert. Það er of sjaldan sem málefni allra yngstu barnanna í leikskólanum eru tekin fyrir. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar, Anna Greve, kynnti fyrir okkur rannsókn sem hún hafði gert á vináttu ungra barna. Hún hefur starfað í leikskólum í 17 ár en síðustu 10 ár hefur hún kennt við ýmsa háskóla, m.a. Oslóarháskóla. Í rannsókn hennar kom ýmislegt áhugavert fram, m.a. væri það ekki sjálfsagt að kennarar hefðu það í huga að hver vinátta er einstök. Einn vinur getur aldrei komið í stað annars og óvíst er hvort kennarar taka tillit til slíkrar vináttu í skipulagningu á starfinu.
Anna Greve spurði hvort kennarar stíi vinum sundur af því að það var of mikill hávaði? Af því að sá fullorðni telur vinina hafa óæskileg áhrif hver á annan? Af því að það er of mikill hasar? Af því að vinir eru aldrei til friðs saman? Hvernig tökum við á því ef upp kemur að besti vinurinn hættir í skólanum? Greve vill meina að leikskólakennarar þurfi að vera meðvitaðir um vináttu ungra barna í starfi sínu og gæta þess að inngrip skemmi hvorki leik né vináttu. Leikskólakennarar þurfa eins og aðrir kennarar að uppfylla kröfur sem koma frá yfirvöldum mennta-mála, rekstraraðilum og foreldrum. Finna þarf leið til þess að mæta þessum kröfum án þess að slá af gæðum leiks og að það komi niður á vináttu barnanna.
Umfjöllunarefni Greve kallaði á líflegar umræður í íslenska hópnum og vakti okkur til umhugsunar um hlut okkar sem kennara í vináttu barna og leik þeirra.
Auk áhugaverðs fyrirlesturs voru margar spennandi málstofur og heimsóknir á boðstólnum og dreifðust kennararnir frá Akureyri á marga staði. Flestir sáu og kynntust einhverju spennandi og nýju – sem annaðhvort er hægt að læra af og taka með heim eða sannfærast um að vel sé gert í eigin skóla. Umfjöllunarefni málstofa voru m.a. umhverfi ungra barna í leikskólanum, ungbarnamenning og birting hennar í leik, rútínur hvers-dagsins, þátttaka ungbarna í skólanámskrá, leikur með endurvinnanlegan efnivið, samvinna við foreldra barna með sérþarfir, samvinna við foreldra í leikskóla með sólarhringsvistun, samstarf kennara o.fl. Einnig var hægt að velja sér heimsókn í fjóra ólíka leikskóla.
Það er sérlega skemmtilegt og gefandi að hafa kost á að fara á slíka ráðstefnu og sjá hvað kollegar okkar á hinum Norðurlöndunum eru að gera. Af þeim má margt læra og efni ráðstefnunnar vakti okkur sem fórum til umhugsunar og ýmsar vangaveltur spruttu fram. Þá er einmitt tilganginum náð, ígrundun og hugmyndavakning skilar alltaf betri kennurum til baka sem vonandi ná að velta upp ýmsum spurningum til umræðu í sínum skóla þegar heim er komið.
F.h. leikskólans Iðavallar,

Haustverkin.

Haustinu fylgja ýmis verk og gaman að sjá gömlum siðum viðhaldið eins og að gera slátur og tína ber. Þessar skemmtilegu myndir eru frá leikskólanum Hulduheimum - Koti.

Samskipti skóla og trúfélaga á öllum skólastigum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði á síðasta ári starfshóp til þess að leggja fram tillögur um með hvaða hætti skuli staðið að samskiptum skóla og trúfélaga á öllum skólastigum. Starfshópurinn var skipaður hagsmunaaðilum sem tilnefndir voru af Biskupsstofu, Heimili og skóla, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siðmennt auk fulltrúa ráðuneytisins.
Ráðherra hefur nú gefið út meginviðmið á grunni tillagna sem starfshópurinn var sammála um. Sjá nánar á:
http://www.heimiliogskoli.is/2013/10/tillogur-um-med-hvada-haetti-skuli-stadid-ad-samskiptum-skola-og-trufelaga-a-ollum-skolastigum/

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 31. október